

256. fundur hafnarstjórnar
haldinn í fundarsal bæjarstjórnar í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði, þriðjudaginn 5. nóvember 2024 og hófst hann kl. 12:00.

Fundinn sátu:

Magnús Einar Magnússon formaður, Catherine Patricia Chambers var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Guðmundur Ólafsson, Jóhann Birkir Helgason aðalmaður, Sædís Ólöf Þórsdóttir aðalmaður og Ólafur Baldursson aðalmaður.

Embættismenn:

Tinna Ólafsdóttir, upplýsingafulltrúi og Hilmar Kristjánsson Lyngmo, hafnarstjóri.

Fundargerð ritaði: Tinna Ólafsdóttir, upplýsingafulltrúi.

Formaður hafnarstjórnar leggur fram tillögu um að taka mál 2024110013 inn á dagskrá fundarins með afbrigðum. Tillagan samþykkt samhljóða og verður málið 4. liður í dagskrá.

Dagskrá:

1. Sumarviðburðasjóður - 2024020083

Lögð fram samantekt Vestfjarðastofu, dags. 30. október 2024, um sumarviðburðasjóð hafna Ísafjarðarbæjar árið 2024.

Gylfi Ólafsson, formaður bæjarráðs, mætir til fundar til að ræða framtíð sumarviðburðasjóðs hafna Ísafjarðarbæjar.

Einnig er lögð fram til kynningar samantekt Vestfjarðarstofu um sumarviðburðasjóðinn.

Hafnarstjórn þakkar Gylfa fyrir komuna og Vestfjarðastofu fyrir greinargóðar upplýsingar.

Hafnarstjórn felur hafnarstjóra að útvíkka hlutverk sumarviðburðasjóðs og gera ráð fyrir 20 m.kr. í sjóðinn í fjárhagsáætlun 2025, í ljósi góðrar reynslu á fyrsta starfsári sjóðsins auk góðrar afkomu hafnarsjóðs.

Gestir

Gylfi Ólafsson, formaður bæjarráðs Ísafjarðarbæjar - 12:00

Gylfi yfirgefur fund kl. 12:32.

2. Viðaukar við fjárhagsáætlun 2024 - Viðauki 15 - 2024040018

Lagður fram til samþykktar viðauki 15 við fjárhagsáætlun Ísafjarðarbæjar 2024, vegna kaupa á þjónustubifreið fyrir hafnir Ísafjarðarbæjar.

Áhrif viðaukans á sveitasjóð A-hluta eru kr. 0 og rekstrarafgangur því óbreyttur í kr. 187.100.000.

Áhrif viðaukans á samantekinn A- og B-hluta eru kr. 0 og er rekstrarafgangur óbreyttur í kr. 740.000.000.

Einnig lagt fram minnisblað hafnarstjóra, Hilmars K. Lyngmo, dags 1. nóvember

2024.

Lagður fram viðauki 15 við fjárhagsáætlun 2024 vegna kaupa á nýrri þjónustubifreið fyrir hafnir Ísafjarðarbæjar.

Hafnarstjórn leggur til við bæjarstjórn að samþykkja viðaukann.

3. Erindi frá skútueigendum vegna skútuaðstöðu við í Ísafjarðarhöfn - 2024090134

Á 255. fundi hafnarstjórnar þann 3. október 2024 var lagt fram erindi frá smábáta- og skútueigendum á Ísafirði með áskorun um að aðstaða fyrir skútur og smábáta á Ísafirði verði bætt. Hafnarstjórn fól hafnarstjóra að vinna tillögur að endurbótum á aðstöðunni. Er málið nú tekið fyrir að nýju og lagt fram minnisblað hafnarstjóra, dags. 4. nóvember 2024, um tvær mögulegar útfærslur.

Tillögur að endurbótum á aðstöðu smábáta- og skútueigenda í bátahöfn við gamla olíumúlann á Ísafirði lagðar fram til kynningar.

Hafnarstjórn felur hafnarstjóra að kynna mögulegar útfærslur fyrir smábáta- og skútueigendum.

4. Fyrirspurn - Hreinsun strandsvæða - 2024110013

Lögð fram fyrirspurn Jóhannesar S. Aðalbjörnssonar sem barst sem viðhengi í tölvupósti dags. 31. október 2024, vegna hreinsunar á braki Einars Guðnasonar ÍS 303, sem strandaði við Gölt í Súgandafirði í nóvember 2019.

Einnig lagt fram svar Axels R. Överby, sviðsstjóra umhverfis- og eignasviðs, dags. 4. nóvember 2024.

Lagt fram til kynningar.

Gestir

Axel R. Överby, sviðsstjóri umhverfis- og eignasviðs - 12:48

Axel yfirgefur fund kl. 12:53.

5. Sundabakki, Suðurtanga. Tímabundin afnot svæðis vegna samsetningu eldiskvíva - 2024060071

Lögð fram umsókn KJ Hydraulik, dags. 28. október 2024, um leigu á lóð fyrir samsetningu á eldiskvíum á fyrirhuguðu gámasvæði á Sundabakka.

Einnig lögð fram lýsing á fyrirhuguðu verki og loftmynd af umbeðinni staðsetningu.

Þá er lagt fram minnisblað hafnarstjóra, Hilmars K. Lyngmo, þar sem lagt er til að samið verði við fyrirtækið um tímabundna leigu á lóðinni.

Hafnarstjórn felur hafnarstjóra að útbúa drög að samningi um tímabundna leigu á lóðinni og leggja fram á næsta fundi.

6. Skemmtiferðaskip - kynningarmál 2024 - 2024110014

Lagt fram minnisblað hafnarstjóra, Hilmars K. Lyngmo, dags. 4. nóvember 2024, þar sem farið er yfir þátttöku hafna Ísafjarðarbæjar í alþjóðlegu Seatrade kaupstefnunni á Spáni.

Lagt fram til kynningar.

7. Hafnasamband Íslands - ýmis erindi og fundargerðir 2023-2024 - 2023010276

Lögð fram til kynningar fundargerð af 465. fundi stjórnar Hafnasambands Íslands, dags. 9. september 2024 og fundargerð af 466. fundi stjórnar Hafnasambands Íslands, dags. 23. október 2024.

Fundargerðir lagðar fram til kynningar.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 13:06

Magnús Einar Magnússon

Guðmundur Ólafsson

Jóhann Birkir Helgason

Sædís Ólöf Þórsdóttir

Ólafur Baldursson

Tinna Ólafsdóttir

Hilmar Kristjánsson Lyngmo